

## 5. Fundur starfshóps um endurskoðun frístundaheimila, frístundastyrkja og fyrirkomulags niðurgreiðslna og gjalda. Haldinn kl. 14:30 miðvikudaginn 11. febrúar 2015 að Strandgötu 6.

*Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Atli Þórsson, Karólína Helga Símonardóttir, Hörður Svavarsson, Adda María Jóhannsdóttir og Rannveig Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.*

---

1. Farið í heimsókn í frístundaheimilið Hraunsel í Hraunvallaskóla. Sara Pálmadóttir, verkefnastjóri tók á móti starfshópnum og kynnti starfið. Frístundaheimilið að Ásvöllum einnig heimsótt og fengin kynning.
2. Í framhaldi af heimsóknum var fundað í bæjarráðssal að Strandgötu 6. Formaður fór yfir gögn frá Reykjavík, glærur og skýrslu. Sjá viðhengi.
3. Formaður sendir út hugmyndir að ramma að framtíðarskipulagi frístundaheimila. Starfshópurinn verði búinn að fara yfir hugmyndirnar fyrir næsta fund. Sett verði fram stefna og mótuð verði fagleg sýn á starfsseminu.
4. Rætt um að fá fyrirlestur um íþróttaiðkun í samræmi við umræður á síðasta fundi. Stefnt er að því að fyrirlesturinn verði 24. feb. kl. 19:30. Formaður hefur samband við fyrirlesara áður en tímasetning er fastákveðin.

Fundi slitið kl. 17:00.